öllum þéttbýlissveitarfélögum og þeim stjórnum ber að kanna það hvort þörf sé fyrir verkamannabústaði og leiguíbúðir í sveitarfélaginu. Ef þörfin reynist vera fyrir hendi, þá ber þeim að knýja á sveitarstjórn og síðan á húsnæðismálastjórn um að byggja og bæta úr þörfinni. Efnahagur þjóðarinnar er ótvírætt orðinn það traustur að engin þörf er á því að skilja lítinn hluta þjóðarinnar eftir í nærri vonlausri aðstöðu í húsnæðismálum.

Ástæða er til að minna á það afrek sem þjóðin hefur þegar unnið í húsnæðismálum með því að byggja 70% af öllum íbúðum í landinu á síðustu 30 árum. Við lausn þess vanda sem nú bíður úrlausnar í húsnæðismálum eiga við orð forsætisráðherra sem hann viðhafði á gamlársdag: „Vilji er allt sem þarf".

Lánakjör Byggingarsjóðs verkamanna

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána allt að 90% af byggingarkostnaði verkamannabústaða. Lánin eru veitt til 42ja ára með 0,5% vöxtum. Af því láni eiga sveitarfélögin að leggja fram 10% og 10% af byggingarkostnaði greiðir svo kaupandi íbúðarinnar. Lánin eru að fullu verðtryggð og óttast því margir að afborganir af lánunum verði þungur baggi á íbúunum. Vissulega verður greiðslubyrðin nokkur, en ekki meiri en hófleg húsaleiga.

Lausleg áætlun bendir til þess að afborganir af þriggja herbergja íbúð nemi sem svarar 20% af launum ríkisstarfsmanns í 10. launaflokki og ætti að haldast í því hlutfalli á meðan við búum við óskerta kaupvísitölu.

Til sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir lánar húsnæðismálastjórn allt að 80% af byggingarkostnaði til 15 ára.

Kaupskylda á verkamannabústöðum

Ótvíræð kaupskylda sveitarfélaganna er nú á öllum íbúðum í verkamannabústöðum í 30 ár frá byggingu þeirra og síðan hafa sveitarfélögin forkaupsrétt ef þau óska. Þegar sveitarfélögin endurselja íbúðirnar er húsnæðismálastjórn heimilt að lána nýjum kaupanda eins og um nýja íbúð væri að ræða. Fyrst um sinn verður veitt lán úr Byggingasjóði verkamanna allt að 80% af verði íbúðarinnar.

Ýtarleg ákvæði eru í lögum og reglugerðum sem tryggja rétt íbúanna og jafnframt að íbúðir í verkamannabústöðum haldi áfram að gegna því hlutverki að leysa vanda þeirra sem við erfiðar aðstæður búa.

Gagnrýni á lögin

Nokkur gagnrýni hefur komið fram á lögin og framkvæmd þeirra á þeim tíma sem liðinn er síðan þau tóku gildi. Að sjálfsögðu hefði margt mátt betur fara við setningu þessara umfangsmiklu laga, einkum hefði mátt auðvelda framkvæmd þeirra með vandaðri undirbúningi. Í flestum atriðum horfir þó vel um framkvæmd þeirra og í heild eru þau mikið framfaraspor.

Gagnrýnin hefur einkum beinst að því að ekki sé með lögunum séð fyrir fjármögnun sjóðanna með viðunandi hætti. Það er rétt að lögin tryggja ekki fjáröflun til sjóðanna með sérstakri skattheimtu og verður það því hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að tryggja fjármagn til húsnæðismála með skattheimtu eða lántökum, eftir því hvernig fjármálin standa í þjóðfélaginu. Þó að fjárhagur byggingasjóðanna standi með viðunandi hætti á þessu ári þá verður það stöðugt áhyggjuefni þeirra sem sjóðunum stjórna og annarra sem láta sig íbúðabyggingar nokkurs varða.

Um gagnrýni eins og þá sem Landssamband iðnaðarmanna hefur dreift til fjölmiðla og raus þeirra í fimmtudagsblaði Þjóðviljans hæfir ekki að ræða í sunnudagsgrein, en kemur til álita að ræða síðar, vegna þeirra samtaka sem lagt hafa nafn sitt við þá samantekt.

Ólafur Jónsson.



Síðasta sýning á Ótemjunni

Í kvöld er síðasta sýning á hinum sígilda ærslaleik Williams Shakespeares Ótemjunni, sem Leikfélag Reykjavíkur hefur sýnt við afbragðs viðtökur frá því skömmu eftir áramót.

Leikurinn sem er fullur af spaugilegum uppátækjum, ást og misskilningi, lýsir viðureign þeirra Katrínar og Petrúsíós, og hvernig hann beygir kvenskassið til hlýðni og undirgefni svo að friður megi ríkja í sambúð kynjanna.

Alls koma fram í sýningunni 15 leikarar og hljómlistarmenn. Aðalhlutverkin eru í höndum þeirra Lilju Guðrúnar Þorvaldsdóttur og Þorsteins Gunnarssonar. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir og tónlistina samdi Eggert Þorleifsson og flytur hann hana á sýningum ásamt leikurum.


Kvennasýning að Kjarvalsstöðum

Málningin og teikningin er samheiti kvennasýningarinnar sem hefst í dag (laugardag) að Kjarvalsstöðum. Þar sýna 47 myndlistarkonur frá öllum Norðurlöndunum um 200 verk, þar á meðal eru 6 konur frá Íslandi.

Sýningin verður opin til 26. apríl, en að undanförnu hefur hún verið á ferð um Norðurlöndin við góðar undirtektir og fer héðan til síðasta áfangastaðar sem er í Árósum. Kjarvalsstaðir eru opnir alla virka daga frá kl. 16—22 og um helgar frá 14—22.

—ká

Magnús Tómasson á Akureyri



Magnús Tómasson.

Um s.l. helgi var opnuð sýning á verkum Magnúsar Tómassonar í Rauðahúsinu á Akureyri. Nefnist sýningin sýnihljóð eða „visual poetry" og hefur hluti hennar verið sýndur víða um lönd undir því heiti en nokkrar myndanna hafa ekki verið sýndar áður. Sýningu Magnúsar í Rauða húsinu lýkur n.k. sunnudagskvöld.

Umræða um flúor

Manneldisfélag Íslands heldur almennan félagsfund um flúor n.k. mánudagskvöld. Allhvöss umræða hefur sprottið upp hérlendis sem erlendis um flúorgjafir, og eru menn ekki á eitt sáttir um gagnsemi þeirra.

Flutt verða fjögur stutt framsöguerindi. Sverrir Einarsson tannlæknir ræðir um flúor til tannverndunar, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir ræðir um afstöðu og reynslu einstakra þjóða í flúormálum, og Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur og Hrafn Tulinius prófessor fjalla um skaðlegar verkanir flúors. Að erindunum loknum verða almennar umræður. Fundurinn er öllum opinn, og hefst kl. 20.30 í stofu 201, Árnagarði, mánudaginn 6. apríl.

Borgarspítalinn

Lausar stöður

Hjúkrunarfræðingar
Hjúkrunarfræðinga vantar strax til starfa á lyflækningadeild spítalans.
Hjúkrunarfræðingar óskast til sumarafleysinga á allar deildir.

Sjúkraliðar
Sjúkraliða vantar strax til starfa á hjúkrunar- og endurhæfingadeildir spítalans og einnig til sumarafleysinga.

Ritarar
Staða ritara á gjörgæsludeild er laus til umsóknar.

Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu hjúkrunarforstjóra sími 81200 (201) (207).

Reykjavík, 3. apríl 1981.
Borgarspítalinn.

Bókavörður

Bókavörð vantar að Héraðsbókasafni Austur-Húnavatnssýslu Blönduósi, frá 1. sept. n.k.
Umsóknum um starfið sé skilað til undirritaðs fyrir 1. júní n.k.

F.h. safnsstjórnar
Blönduósi, 25. mars 1981.
Grímur Gíslason.
(vinnusími 95-4200 — heima 95-4245).



Blikkiðjan
Ásgarði 7, Garðabæ

Önnumst þakrennusmíði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmíði.
Gerum föst verðtilboð

SÍMI 53468

Auglýsinga- og áskriftarsími
81333 ÞJÓÐVILJINN

Tólf manna matarstell úr postulíni	verð kr. 800.-
Tólf manna kaffistell úr postulíni	verð kr. 370.-
Þriggja stykkja barnasett, myndskreytt	verð kr. 39.-
Stök bollapör	verð kr. 18.-
Sjö stykkja pottasett úr stáli	verð kr. 750.-
Sjö stykkja pottasett, myndskreytt	verð kr. 685.-

Athugið að framvegis verða beinir símar í verslunina:

Búsáhöld — Gjafavara	19004
Fatnaður — Skór	12723
Raftæki — Ferðavörur — Leikföng	16441
Verslunarstjóri	26414

DOMUS